

4. árg. 1. töl

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

apríl. 1999

VORSÝNING 1999

Hin árlega vorsýning félagsins verður haldin í hinu glæsilega safnaðarheimili Háteigskirkju v/Háteigsveg, laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2. maí nk. kl. 14:00-18:00. Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í sýningunni. Þátttakendur tilkynni þátttöku fyrir fimmtudaginn 29. apríl vegna sýningarskrár í síma 5684654 (Bjarni), 8966234 (Jón Adolf), 5656122 (Halldór). Skila þarf sýningarmunum föstudaginn 30. apríl kl. 19:00-20:00 á fyrrgreindan sýningarstað.

Hannes Flosason, myndskurðarmeistari mun sýna verk sín sem heiðursgestur sýningarinnar, en í fyrra var heiðursgestur Sveinn Ólafsson, myndskurðarmeistari.

Félagsstarfið


Síðastliðinn vetur voru haldnir þrjú kynningarfundir í kaffiteríu ÍSÍ í Laugardal. Bóka-og videókvöld í nóvember sl. og brýningarkvöld í febrúar, þar sem brýningaraðferðir voru kenndar. Lokst var fundur í mars, þar sem söluaðilar á efni og verkfærum til útskurðar kynntu vörur sínar. Þessi fræðslu-og spjallkvöld þóttu takast vel, en þátttaka félagsmanna hefði mátt vera meiri.

Ian Norbury

Hinn kunnir tréskurðarlistamaður, Ian Norbury er væntanlegur til Íslands í lok ágúst nk. Hann mun halda námskeið á vegum Jóns Adolfs og geta þeir sem hafa áhuga haft samband við Jón (s. 8966234).

Áskorun til félagsmanna

Enn eru nokkrir sem hafa gleymt að fara með giróseðilinn í bankann til að greiða árgjaldið. Hér með er skorað á þá félagsmenn sem ógreitt eiga að gera skil hið fyrsta.



Rammi til útfærslu

Einar Vigfússon með kynningu

Einar Vigfússon sem býr vestanhafs hefur komið þeim upplýsingum á framfæri við Brýnið, að hann er að koma til landsins í byrjun ágúst og langar að hitta tréskurðarmenn og halda námskeið eða kynningu. Hann hefur sérhæft sig í útskurði á fuglum og er reiðubúinn að kynna þá tækni sem er notuð og sýna nokkur verka sinna. Þá mun Einar halda námskeið á Hofsósi.

Þeir félagsmenn sem áhuga hafa að hitta hann hafi samband við stjórnarmenn, s. 5537768 (Vilhjálmur), 5684654 (Bjarni), 8966234 (Jón Adolf), 5656122 (Halldór).

Viðtal við Hannes Flosason, myndskurðarmeistara.

Við Brýnis-menn ákváðum að fá viðtal við Hannes Flosason, myndskurðarmeistara. Eins og margir vita hefur Hannes haldið uppi kennslu í tréskurði í tæplega 26 ár og er ennþá með stóran nemendahóp. Okkur fýsti því að ræða við hann um tréskurðarlistina og kennslustörfin.

Við sitjum á kennsluverkstæði Hannesar eitt síðkvöld í janúar sl., umkringdir fjölda skurðverka, sem hann hefur gert til að geta þjálfað nemendur sína í skurðtækni.

“Tréskurðurinn” segir Hannes, “er fyrir mér listgrein en ekki iðngrein. Enda hefur iðnfaginu myndskeraíðni verið ýtt út af listanum yfir lögverndaðar iðngreinar. Þetta er skynsamlegt, því að í iðnaðarlögum eru hindrandi ákvæði, sem engin þörf er á, því að enginn lifir lengur á iðn þessari. Framtíð tréskurðarlistarinnar byggist því á sömu forsendum og aðrar listgreinar. Þar veða þyngst möguleikar fólks til náms og síðan frumkvæði og sköpunarkraftur hvers einstaklings.

Á námsbrautinni, sem ég hefi búið til fyrir minn skóla, er leitast við að kenna nemendum rétta vinnutækni, auk þess að kynna fjölbreytta skrautverka- og myndsköpun í tré. Til þess að ná færni í tréskurði er nauðsynlegt að gera eftirmyndir af góðum skurðverkum undir leiðsögn kennara, sem hefur útfært sambærileg verk. Þetta þýðir ekki að nemendavinnan sé höfundarverk nemandans, frekar en sönglag sé verk söngvarans.


Framtíð tréskurðarlistarinnar byggist á góðu grunnnámi og sjálfstæðri sköpun, en ekki eftirgerðum annarra, nema sem námsvinna. Mér hefur ekki líkað að sjá eftirgerðir verkanna minna notaðar við kennslustörf annarra í leyfisleysi. Hér er um að ræða lögbundin grundvallaratriði. Má minna á yfirstandandi þref um listverkafalsanir.” “Ungt fólk, sem vill læra þessa gömlu listgrein, þarf að eiga þess kost að stunda nám í fullum vinnutíma og njóta námslána, eins og í öðrum fögum. Þá er hægt að nema nauðsynlegar aukagreinar, sem ekki er hægt að sinna í frístundanámi. Óneitanlega hugsar maður til hins nýstofnaða Listaháskóla Íslands, þótt fátt bendi til þess að hann þokist af tiskubundnum brautum sínum.

Frístundakennsluna tel ég best komna í höndum einstaklinga, sem hafa þekkingu og metnað til að fylgja henni eftir. Eitt námskeið án framhalds þentar mjög fáum. Ef eftirspurnin verður áfram næstu 26 árin, eins og verið hefur, hljóta yngri menn að afla sér menntunar, sem dugir til kennslu. Margir minna nemenda hafa tæknilega færni í besta lagi, en skortir oftar frumkvæði að eigin sköpun. Sumir segja að slíkt sé ekki hægt að kenna.” “Hvað annað að lokum,” spyrjum við Brýnis-menn.

“Ég er glaður og hreykinn af því hve margir nemenda minna hafa náð árangri. Einn þeirra er Sæmundur Valdimarsson, sem er án efa þekktasti og vinsælasti skurðlistarmaður landsins. Þá hlakka ég til að sjá einkasýningu Jóns Adólfs Steinólfssonar og vonast til að sjá fleiri slíkar.

Ástæða er til að hvetja frístundaskurðlistamenn til dáða, því að listin er fyrir alla og sköðunargleðin gefur lífinu lit. Ég bið BRÝNIÐ að flytja mínum fjölmörgu nemendum kveðju og minnst þess, að verkefnafjöldi skólans er nú kominn í þrjú hundruð. Á hverju ári bætast við tíu til fimmtán ný verkefni.”

Eftir notalega kvöldstund með kaffi og kleinum, eins og við höfum svo oft notið áður, með umræðum um listina og lífið, kveðjum við Hannes og þökkum fyrir okkur.



Afslættir til félagsmanna FÁT

Húsmiðjan hf.	10%	Efnagerð Laugarness	15%	Efnissalan	10%
Inghór Haraldsson hf.	10%	Sögin hf.	10%	Smíðabær hf.	10%
Verslunin Brynja	10%	BYKO	12%		

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.islandia.is/~treskurd>

Sigurjón Gunnarsson
Asparfelli 12,
111 REYKJAVÍK-11

ÍSLAND
108 Reykjavík

23 APR. 1999

PP

Ritstjórn: Jón Adólf Steinólfsson, Friðgeir Guðmundsson, Stefán H. Erlingsson, Vilhjálmur Siggeirsson

Umbrot: SamVil ehf